

**Mál nr. 231/2014****M  
og  
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar veghaldara.****Bifreið varð fyrir skemmdum er henni var ekið ofan í jarðsig á vegi.****Gögn.**

114. Málskot, móttækið 15.7.2014, ásamt fylgigögnum.

115. Bréf X, dags 25.7.2014, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 21.6.2014 ók M bifreið sinni, A, ofan í jarðsig á Siglufjarðarvegi í Fljótum. Við það urðu skemmdir á hjólbarda og stýrisbúnaði A.

M kveður jarðsigið hafa verið um 20 cm djúpt og hafi vegmerkingum við jarðsigið hafi verið áfátt.

Í skýrslu V, veghaldara, um atvikið kemur fram að þar sem óhappið varð sígi vegurinn stanslaust og mikið eftirlit sé af hálfu V á svæðinu. Við ákveðnar aðstæður sé farið á hverjum degi og stundum oft á dag til að fylgjast með og gera við. Aðstæður á svæðinu eigi ekki að fara fram hjá neinum sem inn á það kemur. Fyrir um fjórum til fimm árum hafi verið sett upp merki um jarðsigið báðum megin við það, svo og yfir 20 önnur merki á þessum kafla sem nær yfir 3,5 km.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Af gögnum málsins má ráða að um illviðráðanlegt jarðsig sé að ræða á umræddum vegarkafla. Er það gefið til kynna með talsverðum fjölda merkja. Það á ekki að fara fram hjá vegfarendum, sem þarna eiga leið um, að vegurinn sé hættulegur og varasamur og taka beri mið af því við aksturinn. Að öllu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að tjón sem varð á A megi rekja til gáleysis V við veghaldið. V ber því ekki ábyrgð á tjóninu. Af þeim sökum fæst það ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.